

# BRYNJA

## TEGUND

Terpentínubynnaleg akrýlmálning og grunnur.

## NOTKUNRSVIÐ

Brynja hentar vel sem grunnur undir önnur málningarefni við erfiðar aðstæður, en einnig má nota hana eina sér í málningarkerfum. Eindregið er mælt með notkun Mónósílan 40 undir Brynju á ómálaða steypu og múrhúð á sama hátt og undir aðrar utanhússmálningar. Með því er byggð upp vatnsvörn í sjálfumsteininum.

## EIGINLEIKAR

Brynja er mött terpentínubynnaleg akrýlmálning ætluð á steinsteypu og múr utanhúss. Brynja er mjög opin og kemur því ekki í veg fyrir eðlilega rakaútgufun. Málningin vætir mjög vel og hefur því mjög góða viðloðun við múr og steypu. Þar sem upplausnarefnið er terpentína má mála við mun lægra hitastig en með vatnþynnalegum málningum.

### Tæknilegar upplýsingar

Stofnar:	Hvít/Stofn A og Stofn C
Litir:	Hægt að lita í fjölda lita.
Gljástig:	Mött
Pakkningar:	1, 4 og 10 lítrar
Efnisnotkun:	4-6 m <sup>2</sup> /l
Áhöld:	Rúlla, pensill eða háþrýstisprauta.
Þurrktími og yfirmálun:	Snertipurrt eftir um 2 klst. Yfirmálun með Brynju eftir 10 klst. við 10°C. Yfirmálun með Vitretex næsta dag við 10°C.
Eðlisþyngd:	1,3 – 1,4 g/ml
Þynnir:	Vatn (allt að 10%)
Þurrefni:	45%
Geymsla:	Geymið í lokuðum umbúðum dimmum, svölum og vel loftræstum stað. Geymist þar sem börn ná ekki til.
VOC:	Skv. reglugerð 1025/2005 þá eru viðmiðunarmörk VOC fyrir þessa vöru fl. A/c 430 g/l (2010). Varan inniheldur að hámarki 430 g/l

Upplýsingar þessar eru samkvæmt okkar bestu vitund. Enga ábyrgð eða tryggingu fyrir árangri er þó unnt að gefa, þar eð skilyrði við notkun eru utan takmarka okkar umráða.



## Undirbúningur

Flöturinn skal vera hreinn og þurr og a.m.k. mánaðar gamall. Fita, sementshúð, ryk, mold og önnur óhreinindi skulu fjarlægð. Bestur árangur næst með háþrýstipvotti og vandlegri burstun með strákústi. Skolið öll hreinsiefnin vel af og látið flötinn þorna vel fyrir málun. Sterklega er mælt með því að sílanbaða nýjan og/eða ómálaðan múr með Mónósílan 40.

## Notkunaraðstæður

Hitastig flatar skal vera yfir -10°C og ekki heitari en 25°C. Loftraki skal vera undi 80%. Bíðið með notkun ef búast má við snjó eða rigingu og ef aðstæður eru óhentugar fyrir notkun. Forðist að vinna í beinu sólarljósi.

## Vinnutilhögun

Hræið vel upp í dósinni fyrir notkun. Við grunnun skal þynna Brynju 15% með terpentínu. Ef nota á Brynju í lokaumferð eru svo málaðar 1-2 umferðir með óþynntri Brynju. Á hraunaða fleti skal þynna Brynju 10-15% í öllum umferðum. Notið sama framleiðslunúmer fyrir samliggjandi fleti.

## Þynnir

Mínral terpentína, allt að 15% til að auðvelda vinnslu. Ekki skal geyma þynnta málningu.

## Hreinsun áhalda

Mínral terpentína. Skafið málningu af áhöldum fyrir hreinsun.

## Athugið

Eftir opnun minnkar geymsluþol. Notist aðeins í vel loftræstu rými. Góð undirvinna er jafnan forsenda góðs árangurs.